

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 22. desember 2022

Mál nr. E-5528/2021:

**A**

(Steingrímur Þormóðsson lögmaður)

gegn

**Sjúkratryggingum Íslands**

(Erla Svanhvít Árnadóttir lögmaður)

**og íslenska ríkinu**

(Rakel Jensdóttir lögmaður)

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð þess, þann 24. nóvember sl., var höfðað með stefnu, birtri þann 10. nóvember 2021, af stefnanda, A, [...], á hendur stefndu, Sjúkratryggingum Íslands, [...], Reykjavík, og íslenska ríkinu, [...] í Reykjavík.

Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur:

Aðallega að íslenska ríkið verði dæmt til að greiða stefnanda 62.837.600 krónur, með 4,5% ársvöxtum samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1993, frá [...] 2020 til 25. nóvember 2021, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 25. nóvember 2021 til greiðsludags, en allt að frádregnum 11.850.220 krónum sem stefnanda voru greiddar þann 20. desember 2021.

Til vara að íslenska ríkið verði dæmt til að greiða stefnanda 32.740.686 krónur, með 4,5% ársvöxtum samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1993, frá [...] 2020 til 25. nóvember 2021, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 25. nóvember 2021 til greiðsludags, en allt að frádregnum 11.850.220 krónum sem stefnanda voru greiddar þann 20. desember 2021.

Þá gerir stefnandi kröfu um málskostnað úr hendi stefnda, íslenska ríkisins, sem og einnig meðstefnda, Sjúkratrygginga Íslands.

Stefndi, íslenska ríkið, fellst á varakröfu stefnanda, en krefst sýknu af aðalkröfu stefnanda. Þá krefst sá stefndi málskostnaðar af stefnanda, en til vara að falli niður.

Meðstefndi, Sjúkratryggingar Íslands, krefst málskostnaðar úr hendi stefnanda.

## Ágreiningsefni og málsatvik

Tildrög málsins eru þau að eiginmaður stefnanda, B heitinn, slasaðist á vinstra fæti, [...] 2020, við laxveiðar. B var staddur úti í á en festi vinstri fót í leðju á árbotni. Við það að reyna að losa fótinn féll B fram fyrir sig og fann þá að sögn samstundis fyrir miklum verkjum í vinstra hné og læri.

Degi síðar, [...] 2020, leitar B á slyshadeild LSH, en í myndgreiningarsvari segir: „Var við veiði í gærkvöld og festir fótinn í leðju, reynir að losa hann og þá skyndilegur verkur. Quadriceps rupture suprapatellar klinik.“ Þann [...] 2020 er síðan gerð AN-skýrsla um fyrra heilsufar B, en þar kemur fram að hann sé ekki hraustur og sé með DVT og PE 2008. Vegna afleiðinga slyssins gekkst B undir aðgerð á LSH [...] 2020. Af aðgerðarlýsingu C bæklunarlæknis má ráða að aðgerðin hafi gengið vel, sbr. sjúkraskrá LSH, en þar segir: „Mun D deildarlæknir fylgja honum eftir. Hann fær antibiotica fyrir aðgerð, í aðgerð og sex tímum eftir fyrsta skammt. Hann fær Fragmin 5000 ein. í 10 daga.“ Þá liggur fyrir bréf, [...] 2020, til B frá kandidat þar sem B eru gefnar leiðbeiningar sem stefnandi segir að B hafi farið eftir og sprautað sig með blóðþynningarlyfinu einu sinni á dag, en B útskrifast síðan þennan sama dag af LSH eftir aðgerðina.

B hafi síðan leitað aftur á LSH [...] 2020 og þá liðið illa í skurðsárinu og almennt, en í sjúkraskrá segir: „Við komu er hann með verki í hnénu, getur gengið en haltrar, verkur við fullt ástig.“ Þá kemur þar fram að B er útskrifaður með nýja spelku og sagt að koma á göngudeildina í næstu viku. B hafi síðan verið farið að líða mjög illa dagana fyrir [...] 2020 þegar hann fór aftur á LSH í gipstöku og í klínískt endurmat. Við þá skoðun á LSH hafi B, samkvæmt stefnanda, kvartað yfir hjartsláttartruflunum og almennum óþægindum, sbr. frásögn í lögregluskýrslu, [...] 2020, og í fyrirbyggjandi krufningarskýrslu. Af sjúkraskrá megi hins vegar ráða að aðgerð og meðferð B hafi gengið eftir án verulegra vandkvæða og að honum hafi verið vísað til sjúkrahjálfa til frekari meðferðar. Fram komi þá í sjúkraskrá LSH að B sé með „[...]“ sjúkdóm, að hann hafi fengið sinaáverka fyrir tveimur vikum og sé kominn með spelku. Ekki komi þar hins vegar neitt fram um að B hafi kvartað undan hjartsláttartruflunum en undir liðnum framvinda og áætlun sé skráð um B: „hitalaus, þþ 137/99 púls 104, mettun 94% og hiti 36.0.“

Þremur dögum síðar, eða [...] 2020, hafi B síðan verið úrskurðaður látinn á heimili sínu, en frásögn stefnanda af þeim atburðum er rakin í fyrir fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, þar sem segir síðan: „Við skoðun á hinum látna var hann með svarta spelku við vinstra hné. B hafði gengist undir aðgerð þann [...] sl. B hafði nýverið klárað blóðþynnandi meðferð vegna aðgerðarinnar. E taldi líklegt að B hefði fengið blóðtappa í heilann en ekki væri úrskurðað um það nema með krufningu. Hinn látni var vogur viðkomu og enginn stirðleiki var hafinn.“

Í hér fyrirbyggjandi vottorði E, læknakandidats, en hann framkvæmdi fyrstu skoðun á hinum látna, segir m.a.: „Endurlífgun bar ekki árangur. Á þessum tímamarki hafði B verið í hjartastoppi í 15 mínútur, þrátt fyrir hnoð með Lucas vél, vökva í æð og samanlagt Adrenaline 10mg IV. Undirritaður treystir sér ekki til að staðfesta formlega dánarorsök. Mæli með því að krufning fari fram.“

Til að leita skýringa á dauðsfalli eiginmanns stefnanda var framkvæmd krufning á Meinafræðideild LSH [...] 2020, sbr. fyrirbyggjandi krufningarskýrslu. Við krufningu kom í ljós að dánarorsök hefði verið blóðsegarek til lungna. Í krufningar- skýrslu, sem samin er af F, réttarmeinafræðingi, segir eftirfarandi: „Í lungnaslagæðum sést ríkulegt

magn af samanrúlluðum mjóum blóðsegum sem setja í báðum stóru lungnaslagæðunum og yfir greiningu lungnaslagæðastofnsins (söðulblóðrek) og þannig lokar fyrir alla blóðrás til lungna.“ Þá segir: „Við krufningu á vinstri ganglim sjást veggfastir blóðsegar í vena femoralis.“ Þá segir þar enn fremur: „Segamyndun í djúpum bláæðum ganglima með kjölfarandi umfangsmiklu blóðsegareki til lungnablóðrásarinnar og algjerri lokun á blóðflæði þar um.“

Stefnandi vísar hér til þess að framangreindar niðurstöður krufningarskýrslunnar verði ekki skýrðar á annan hátt en svo að andlát B heitins hafi verið bein afleiðing slyss hans, þann [...] 2020, og að andlátið hefði að sama skapi ekki borið að garði nema vegna þess að ekki hafi verið komið í veg fyrir segamyndunina sem unnt hefði verið að gera með blóðþynningarlyfi. Hafi B fengið slíkt lyf til að taka í 10 daga eftir aðgerð en halda hefði átt slíkri lyfjagjöf lengur áfram vegna sjúkdómssögu hans.

Á grunni 7. gr. laga nr. 111/2000 tilkynnti stefnandi málið til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) 11. desember 2020, sem sjúklingatryggingaratburð. Þegar engin viðbrögð hafi borist frá SÍ gerði stefnandi, 8. mars 2021, þá kröfu að viðurkennd yrði skylda SÍ til að greiða stefnanda bætur á grunni 12. og 13. gr. skaðabótalaga. Þá hafi Landspítala – háskólasjúkrahúsi (LSH) verið sent bréf, 11. ágúst 2021, þar sem beðið hafi verið um upplýsingar um hvort málið hafi verið skráð og rannsakað í samræmi við 27. gr. laga nr. 40/2017, en því hafi ekki verið svarað. Vegna alvarleika málsins og skorts á svörum hafi stefnandi talið sig vera knúna til að stefna málinu fyrir dóm.

Rétt er að geta þess að áður en mál þetta var þingfest hafði stefnandi ekki fengið afstöðu SÍ til umsóknar um bætur úr sjúklingatryggingu. En eftir þingfestingu málsins, eða 20. desember 2021, féllst SÍ á bótaskyldu á grunni 2. málslíðar 1. mgr. 1. gr. laga nr. 111/2000. Var þá fallist á að stefnandi ætti rétt á bótum vegna missis framfæranda og fékk stefnandi greiddar hámarksbætur samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 111/2000, er voru árið 2020 alls 11.605.731 króna. Þá liggur fyrir í greinargerð stefnda, íslenska ríkisins, að sá stefndi gengst nú við bótaskyldu gagnvart stefnanda, en að frádreginni þeirri fjárhæð sem stefnandi hefur þegar fengið greidda frá SÍ. Fellst stefndi íslenska ríkið aðeins á 32.740.686 krónur sem mögulegar hámarksbætur til handa stefnanda að frádreginni framangreindri innborgun og gengst sá stefndi nú við því að stefnandi eigi þá kröfu. Er þessi viðurkennda krafa af hálfu stefnda, íslenska ríkisins, nú jafnframt varakrafa stefnanda í málinu, en stefnandi heldur sig enn við upphaflega stefnukröfu sína, 62.837.600 krónur, sem aðalkröfu sína í málinu á hendur stefnda, íslenska ríkinu, en gerir hér ekki lengur neinar aðrar kröfur á hendur meðstefnda, SÍ, nema þá um málskostnað, en sá meðstefndi krefur stefnanda jafnframt um málskostnað. Hefur ágreiningurinn í málinu því afmarkast mjög undir rekstri þess og snýr nú einkum að því hvor eigi þá við með réttu, aðal- eða varakrafa stefnanda í málinu, auk þess sem að deilt er einnig um málskostnað m.t.t. framvindu málsins. Verður nú hér á eftir vikið að röksemdum málsaðila m.t.t. hins eftirstæða ágreinings í málinu sem skera þarf úr.

*Málsástæður og lagarök stefnanda*

Fyrir liggir nú óumdeilt í málinu að rekja megi andlát eiginmanns stefnanda til ófullnægjandi lækni meðferðar hjá LSH í skilningi 1. tl. 2. gr. laga nr. 111/2000, þ.e. að það hafi verið sjúklingatryggingarburður sem olli dauða eiginmanns hennar, [...] 2020, sbr. og 3. og 4. tl. 2. gr. laga nr. 111/2000 og 1. mgr. 3. gr. laganna. Hafi SÍ nú gengist við þessu og greitt hámarksbætur samkvæmt lögum nr. 111/2000, auk þess sem stefndi, íslenska ríkið, hafi nú einnig játað mistök við lækni meðferð hins látna og gengist við bótaskyldu sinni vegna þess, sbr. nú varakröfu stefnanda.

Hafi stefnandi fyrst tilkynnt atvikið til SÍ 11. desember 2020 og síðan ítrekað kröfu við SÍ 8. mars 2021 ásamt með gögnum, en samkvæmt 7. gr. laga nr. 111/2000 hafi fyrst borið að beina slíkum kröfum að SÍ. Hafi þurft að stefna inn málinu áður en bótaskylda hafi verið viðurkennd af SÍ, sbr. dóm Hæstaréttar frá 4. desember 2015 í máli nr. 760/2015, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991 og 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár.

Stefnda, íslenska ríkinu, beri að greiða stefnanda þá skaðabótakröfu er stefnandi gerir í aðalaðild málsins og til vara mismun á heildarkröfu hans og þeirri kröfu sem fallist verður á í aðalaðild ef fallist verður á bótaskyldu samkvæmt lögum nr. 111/2000 og ef krafan verður lækkuð samkvæmt lækunarreglu/takmörkunareglu 2. mgr. 5. gr. laga nr. 111/2000. Íslenska ríkið verði að greiða stefnanda það sem upp á vanti, til að stefnandi fái fullar bætur. Þessu til grundvallar vísast til 7. gr. laga nr. 111/2000, enda sé um skaðabótaskyldu ríkisins að ræða og hún hafi þegar verið viðurkennd í málinu.

Um fjárhæð bótakröfu segi í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 111/2000 að um ákvörðun bótafjárhæðar samkvæmt lögnum fari eftir skaðabótalögum. Í 13. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 segir að bætur fyrir missi framfaranda skuli vera 30% af bótum þeim sem ætla megi að hinn látni myndi hafa átt rétt á fyrir algera örorku án frádráttar. Því reiknist meðalvinnutekjur eiginmanns stefnanda samkvæmt 7. gr. skaðabótalaga, margfaldaðar með aldursstuðli samkvæmt 6. gr. laganna. Í ljósi þessa reiknist bætur vegna missis stefnanda á framfaranda að mati stefnanda hér með eftirfarandi hætti:

Tekjur 2019: 20.518.522 kr. Meðallaunavísitala = 688,5

Tekjur 2018: 19.786.462 kr. Meðallaunavísitala = 656,4

Tekjur 2017: 21.323.281 kr. Meðallaunavísitala = 616,6

Launavísitala á dánardegi = 736,1

2019:  $(20.518.522 \div 688,5) \times 736,1 = 21.937.086,483951$

2018:  $(19.786.462 \div 656,4) \times 736,1 = 22.188.831,563376$

2017:  $(21.323.281 \div 616,6) \times 736,1 = 25.455.833,837334$

Meðaltal:  $23.193.917,294887 = 23.193.900$  kr.

Aldursstuðull: 48 ára og 3 mánaða – aldursstuðull: 8.362

Bætur fyrir 100% varanlega örorku:  $23.193.900 \times 8.362 = 193.947.391,8$

Bætur fyrir missi framfaranda:  $193.947.391,8 \times 0,3 = 58.183.217,54 = 58.183.217$  kr.  $\times 108/\text{framlag launagreiðanda í lífeyrissjóð} = 62.837.600$

Varðandi ofangreint þá bendi stefnandi á að grundvöllur hámarkslauna sé annar en lágmarkslauna þar sem lágmarkslaun séu ívilnandi fyrir tjónþola en hámarkslaun

skerði réttindi tjónþola til fullra bóta. Hefði það verið vilji löggjafans að binda hámarkslaun áfram við hækkun samkvæmt lánskjaravísitölu, við setningu laga nr. 37/1999, hefði löggjafinn tekið það fram í 1. mgr. 15. gr. skaðabótalaga að svo skyldi vera. Það sé skýrt tekið fram í 1. mgr. 15. gr. skaðabótalaga að það séu einungis bætur samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sem hækki samkvæmt lánskjaravísitölu, sbr. dóm Hæstaréttar nr. 230/2009. Árslaun samkvæmt 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga hækki samkvæmt launavísitölu og árslaun samkvæmt 2. mgr. 7. gr. hafi í framkvæmd einnig verið hækkuð samkvæmt launavísitölu. Sé vilji löggjafans hér í senn skýr og eðlilegur.

Stefnandi vísar til þess að henni hafi verið rétt að beina kröfu sinni fyrst að SÍ, sbr. 13. gr. laga nr. 111/2000, sbr. og 7. gr. s.l., sbr. og III. bráðabirgðakafla laga nr. 112/2008. Þá hafi kröfum verið beint til vara að íslenska ríkinu, en heilbrigðisráðherra sé æðsta stjórnvald á heilbrigðisviði, sbr. lög nr. 40/2007 um heilbrigðismál, sbr. III. kafla þeirra um stjórn heilbrigðisstofnana og málefni þeirra, sbr. 20. gr. laganna vegna LSH. Varðandi fyrirvar sé síðan vísað til 5. mgr. 17. gr. laga um meðferð einkamála og niðurlags greinargerðar með 5. mgr. 17. gr. einkamálalaga. En samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 sé stefnanda heimilt að beina kröfu til vara að íslenska ríkinu.

#### *Málsástæður og lagarök stefndu*

Stefndi, íslenska ríkið, hafi gengist við bótaskyldu gagnvart stefnanda í málinu og fallist á bætur til hennar, 32.740.686 krónur, með 4,5% ársvöxtum samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1993, frá [...] 2020 til 25. nóvember 2021, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 25. nóvember 2021 til greiðsludags, en allt að frádregnum 11.850.220 krónum sem stefnanda voru greiddar þann 20. desember 2021 frá meðstefnda SÍ og komi hér óumdeilt til frádráttar.

Nú liggi fyrir að SÍ hafi greitt hámarksbætur til stefnanda, samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 111/2000, en texti lagaákvæðisins um hámarksbætur sé skýr og ótvíræður.

Kröfur stefnanda á hendur stefnda, íslenska ríkinu, byggji á því að stefndi hafi sýnt af sér saknæma háttsemi í aðdraganda andláts B, eiginmanns stefnanda. Því beri stefnda, íslenska ríkinu, að greiða stefnanda bætur fyrir missi framfaranda á grundvelli 13. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Eftir að hafa farið yfir atvik í aðdraganda andláts B heitins sé fallist á það að mistök hafi verið gerð í eftirfylgni aðgerðar hjá B og fallist á bótaskyldu íslenska ríkisins í málinu. Um þetta vísist til greinargerðar meðferðarlæknis frá 25. nóvember 2021. Megi ætla að ef áhættuþættir bláæðasegasjúkdóms hefðu verið aðgengilegri og læknað sem höfðu B til meðferðar hefðu haft upplýsingar um blóðsegasögu hans sé ekki hægt að útiloka að þær upplýsingar hefðu orðið til þess að læknað hefðu íhugað lengri segavarnandi meðferð. Ekki hafi legið fyrir greining um arfgenga segahneigð en B hafi verið með [...] heilkenni. Ýmsar æðatengdar uppákomur séu þekktar í tengslum við það heilkenni, mest þó blæðingar og veikleikar á æðaveggjum. Þá liggi fyrir að klínískar leiðbeiningar hafi ekki verið nógu skýrar um blóðasegavörn fyrir þá sem þurfi að hafa gipsumbúðir eða spelkur á ganglimum til lengri tíma.

Dómkröfum stefnanda sé hins vegar mótmælt sem of háum og krefjist stefndi verulegrar lækkunar á dómkröfu. Sú bótafjárhæð sem dómkrafa stefnanda hljóði upp á sé ekki í samræmi við ákvæði skaðabótalaga nr. 50/1993. Kröfufjárhæð stefnanda sé bæði mótmælt sem rangt út reiknaðri og allt of hári. Miða verði við hámarkslaun samkvæmt 4. mgr. 7. gr. skaðabótalaga enda sé orðalag ákvæðisins skýrt.

Varðandi rétta bótafjárhæð þá vísi stefndi til forsendna útreiknings í ákvörðun SÍ í máli stefnanda frá 20. desember 2021. Samkvæmt þeim útreikningi geti stefnandi að hámarki átt rétt á bótum að fjárhæð 32.740.686 krónur á grunni 13. gr. skaðabótalaga.

Stefnandi hafi þegar fengið greiddar hámarksbætur frá SÍ. Draga skuli þær bætur frá þeim bótum sem stefnandi eigi rétt á frá stefnda, íslenska ríkinu, á grundvelli 13. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 7. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu.

Að öðru leyti sé málatilbúnaði stefnanda mótmælt sem órökstuddum, röngum eða ósönnuðum. Til stuðnings kröfum stefnda um málskostnað vísist til XXI. kafla laga nr. 91/1991. Af hálfu bæði stefnda, íslenska ríkisins, sem og meðstefnda, SÍ, sé vísað til þess að við ákvörðun málskostnaðar þurfi að taka hér tillit til þess að mál þetta sé höfðað áður en stefndu hafi fengið tækifæri til að taka afstöðu til bótaskyldu. Umsókn stefnanda um bætur úr sjúkratryggingu SÍ hafi verið í eðlilegum farvegi þegar stefnandi hafi afráðið að höfða mál þetta. Ekkert í gögnum málsins eða stefnu renni stoðum undir það að óhóflegur dráttur hafi verið á afgreiðslu máls stefnanda hjá SÍ.

#### *Niðurstaða*

Ágreiningur málsaðila afmarkast hér við rétta ákvörðun bóta til handa stefnanda úr hendi stefnda, íslenska ríkisins, vegna missis maka eða sambúðarmaka, samkvæmt 13. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og með síðari breytingum. En fyrir liggur að stefndi, íslenska ríkið, hefur nú, sbr. hér framangreint, viðurkennt bótaskyldu sína gagnvart stefnanda á þeim grunni. Þá er enn fremur óumdeilt í málinu að til frádráttar þeim bótum skuli hér koma þegar greidd greiðsla til handa stefnanda úr sjúklingatryggingu, sbr. 7. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu, en 20. desember 2021 greiddu SÍ 11.850.220 krónur til stefnanda, sem koma þá til frádráttar. Eftirstandandi ágreiningur varðar fjárhæðir, eða nánar tiltekið útreikningsaðferð m.t.t. þess að hvaða vísitölu eigi að miða við þegar bætur fyrir varanlega örorku eru reiknaðar, eins og hér stendur á, en aðalkrafa stefnanda miðar við að nota launavísitölu á meðan varakrafa stefnanda sem stefndi, íslenska ríkið, telur að miða beri hér við, tekur mið af lánskjaravísitölu.

Varðandi bætur samkvæmt 13. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 þá mælir ákvæðið efnislega fyrir um það að bætur fyrir missi framfæranda til maka eða sambúðarmaka skuli vera 30% af bótum þeim sem ætla megi að hinn látni myndi hafa átt rétt á fyrir algera (100%) örorku, sbr. 5.–8. gr., án frádráttar. En bætur skuli þó nema ekki minni fjárhæð en 3.000.000 króna nema sérstaklega standi á. Enn fremur er óumdeilt í málinu að útreikningur á kröfu stefnanda skuli hér miða við árslaun samkvæmt 4. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993, eins og ákvæðinu var breytt með lögum nr. 37/1999.

Varðandi ágreining aðila um réttan framreikning m.t.t. vísitölu, þá er hér fallist á með stefnda, íslenska ríkinu, að þrátt fyrir að 1. mgr. 15. gr. laga nr. 50/1993 vísi nú ekki til þess að nota beri lánskjaravísitölu við framreikning skaðabóta samkvæmt 4. mgr. 7. gr. laganna, sé þó ekkert sem bendi til þess að hverfa hafi átt frá þeirri viðteknu framkvæmd varðandi viðmið um hámarkslaun með setningu laga nr. 37/1999, sé litið til athugasemda með því lagafrumvarpi, sbr. og dóm Hæstaréttar í máli nr. 142/2014.

Í því tilviki sem hér um ræðir fellst dómurinn því á þær útreikningsforsendur sem stefndi, íslenska ríkið, tekur hér mið af og útskýrðar eru í ákvörðun meðstefnda, SÍ, frá 20. desember 2021 og leiða til þess að stefnandi geti hér að hámarki átt rétt á bótum að fjárhæð 32.740.686 krónur á grunni 13. gr., sbr. 15. gr., sbr. 29. gr., sbr. 4. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og með síðari breytingum. Verður því ekki fallist á rök af hálfu stefnanda um frekari bótarétt á þeim grunni sem stefnandi vísar hér til. Ekki verður séð að kröfur um vexti og dráttarvexti sæti ágreiningi og verður á þær fallist. Þá er sem fyrr segir óumdeilt að fyrrgreind innborgun dragist frá tildæmdum bótum.

Með hliðsjón af öllu hér framangreindu verður að mati dómsins ekki talið að aðrar fram komnar röksemdir eða málsástæður aðila hafi við svo búið sérstaka þýðingu eða að þær geti leitt hér til annarrar niðurstöðu, sbr. e-lið 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991.

Að öllu framangreindu virtu verður því niðurstaðan sú að fallast beri á óumdeilda varakröfu stefnanda gagnvart stefnda, íslenska ríkinu, eins og hún liggur hér fyrir.

Eins og málið liggur fyrir og með hliðsjón af lyktum þess, telur dómurinn rétt að stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda 1.000.000 króna í málskostnað, og er að teknu tilliti til virðisaukaskatts, en að málskostnaður á milli aðila falli að öðru leyti niður.

Málið fluttu eftirtaldir lögmenn; fyrir stefnanda Steingrímur Þormóðsson, en Rakel Jensdóttir flutti málið fyrir stefnda, íslenska ríkið, og Bragi Dór Hafþórsson, f.h. Erlu Svanhvítar Árnadóttur, flutti málið f.h. meðstefnda, Sjúkratrygginga Íslands.

Pétur Dam Leifsson héraðsdómari kvað upp dóminn.

### **Dómsorð:**

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, A, 32.740.686 krónur, með 4,5% ársvöxtum samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1993, frá [...] 2020 til 25. nóvember 2021, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 25. nóvember 2021 til greiðsludags, en allt að frádregnum 11.850.220 krónum sem stefnanda voru greiddar þann 20. desember 2021.

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda 1.000.000 krónur í málskostnað.

Málskostnaður á milli stefnanda og stefnda, Sjúkratrygginga Íslands, fellur niður.

Pétur Dam Leifsson (sign.)